

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. 4. fundur.

að Hlíðavegi 6, 17. ágúst 2006, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Starfsmannaráðningar.
3. Drög að samningum um skólaakstur.
4. Erindi frá eigendum Grímsstaða, ósk um breytingu á aðalskipulagi.
5. Fundargerð byggingarnefndar frá 27. júlí.
6. Fundargerð landbúnaðarnefndar frá 31. júlí.
7. Fundargerð landbúnaðarnefndar frá 8. ágúst.
8. Sparkvöllur.
9. Erindi frá Aðaldælahrepp.

Til kynningar.

Álit Skipulagsstofnunar vegna Dettifossvegar dags. 27. júlí.

Bréf frá Árna Halldórssyni dags. 2. ágúst.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Dagbjört Bjarnadóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli 8 og 9 yrði bætt á dagskrá.
Samþykkt samhljóða.

2. Starfsmannaráðningar.

Í Sjónarhóli 2. ágúst sl. voru auglýst laus til umsóknar tvö störf hjá Skútustaðahrepp, starf ráðsmanns og starf aðstoðarmanns við mötuneyti Grunnskólans.

Um stöðu ráðsmanns sóttu.

Jón Óskar Ferdinandsson og Karl Viðar Pálsson.

Um stöðu aðstoðarmanns í eldhúsi sóttu.

Lovísa Gestsdóttir, Ásgerður Björnsdóttir og Þórdís G. Jónsdóttir.

Samþykkt að ráða Þórdísi G. Jónsdóttir í starf aðstoðarmanns í eldhúsi. Ingunn tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Samþykkt að ráða Jón Óskar í starf ráðsmanns.

3. Drög að samningum um skólaakstur.

Fyrir fundinum liggja drög að samningum um skólaakstur. Samningarnir byggja á þeim tilboðum sem bárust eftir útboð í júlí sl.

Samþykkt að fela sveitarstjóra að ganga frá samningum við Egil Freysteinnsson og Gísla Rafn Jónsson. Dagbjört tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

4. Erindi frá eigendum Grímsstaða, ósk um breytingu á aðalskipulagi.

Borist hefur erindi frá eigendum Grímsstaða, þar sem óskað er eftir breytingu á aðalskipulagi í landi Grímsstaða. Óskað er eftir að umrætt landssvæði sem afmarkað er á meðfylgjandi uppdraetti unnum af Búgarði verði skipulags sem ferðaþjónustusvæði.

Sveitarstjórn samþykkir að verða við erindinu.

5. Fundargerð byggingarnefndar frá 27. júlí.

Eftirfarandi liðir eiga við um Skútustaðahrepp. Liður 6, þar sem óskað er eftir byggingarleyfi fyrir sumarhúsi í landi Bjarkar, liður 7, þar sem óskað er eftir að breytta notkun á sundlaugarhúsinu á Álftabáru og liður 10, þar sem byggingarfulltrúa er falið að stöðva framkvæmir við byggingu smáhýsa í landi Geiteyarstrandar 1.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu byggingarnefna á lið 7 og 10. Hvað varðar lið 6 samþykkir sveitarstjórn stöðuleyfi til 1. árs.

6. Fundargerð landbúnaðarnefndar frá 31. júlí.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við fundargerðina að öðru leyti en því að undir lið 3. þar sem segir að Hjörleifi sé falið ásamt Grænvetningum að búa til uppkast að samningi við landbúnaðarnefnd hlýtur að eiga að standa samning við Skútustaðahrepp.

7. Fundargerð landbúnaðarnefndar frá 8. ágúst.

Sveitarstjórn samþykki 3. lið fundargerðarinnar um niðurjöfnun gangna á Austurfjöllum á símafundi 11. ágúst s.l. Varðandi lið 2. tillaga um samning milli Grænvetninga og Skútustaðahrepps um fjallskil, er alveg ljóst að ef að verður þá er þeirri samningagerð ekki lokið fyrir fjallskil þetta haustið. Hins vegar getur sveitarstjórn fyrir sitt leiti samþykkt tilhögun gangna á Framafrétti haustið 2006 eins og list er í tillögunni enda sé tryggt að hið stætt fyrirkomulag verði hjá Skútum og Álftungum um Krákárbakkahólf. Samþykkt að fela Landbúnaðarnefnd að fylgja því máli eftir.

8. Sparkvöllur.

Hugmynd um gerð sparkvallar hefur lengi verið í umræðunni. Sveitarstjórn samþykkir að ráðast í gerð slíks vallar. Kannaður verður sá möguleiki að af framkvæmdur geti orðið í haust.

9. Erindi frá Aðaldælahreppi.

Borist hefur bréf frá oddvita Aðaldælahrepps dags. 9. ágúst. Þar er kynnt niðurstaða könnunar sem fram fór samhliða sveitarstjórnarkosningum um hug íbúa Aðaldælahrepps til sameiningar sveitarfélaga. Meirihluti þeirra sem afstöðu tóku vilja að teknar verði upp viðræður við Þingeyjarsveit og Skútustaðahrepp. Í framhaldi af því óskar sveitarstjórn Aðaldælahrepps eftir fundi með sveitarstjórn Skútustaðahrepps til skrafs og ráðagerða. Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í viðræðum.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Margrét Hólm Valsdóttir,
Dagbjört Bjarnadóttir,
Ingunn Guðbjörnsdóttir,
Kristján Stefánsson,
Böðvar Pétusson.